



Reglur Vestmannaeyjabæjar um systkinaafslátt sem gildir milli daggæslu í heimahúsi, leikskóla og/eða frístundavers.

1. gr

Vestmannaeyjabær veitir systkinaafslátt sem gildir milli daggæslu í heimahúsi, leikskóla og/eða frístundavers.

2. gr

Sækja skal um systkinaafslátt á umsóknareyðublaði sem er að finna á vefsíðu sveitarfélagsins www.vestmannaeyjar.is eða í þjónustuveri Ráðhússins og því skal skilað þangað. Móttaka umsókna og afgreiðsla er í þjónustuveri Ráðhússins.

3. gr

Systkinaafsláttur er veittur frá næstu mánaðarmótum eftir að umsókn er móttækin ef barn er byrjað í vistun.

4. gr

Systkinaafsláttur er veittur af lægsta gjaldi þar sem það á við, annars fyrir elsta barn í leikskóla eða frístundaveri, hvort sem yngri börn eru hjá dagforeldrum eða í leikskóla.

5. gr

Systkinaafsláttur er 50% af vistgjaldi fyrir annað barn og gjaldið fyrir þriðja barn fellur niður.

6. gr

Forráðamönnum ber skylda að tilkynna Vestmannaeyjabæ allar breytingar sem áhrif geta haft á systkinaafsláttinn. Sé systkinaafsláttur veittur á grundvelli rangra upplýsinga, eða umsækjandi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum, sem hafa áhrif á rétt til systkinaafsláttar áskilur Vestmannaeyjabær sér rétt til að krefjast endurgreiðslu og er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar taka gildi 1. maí 2016

Samþykkt í fræðsluráði 19.apríl 2016 og í bæjarstjórn 28.apríl 2016